

Ákvæði þessarar greinar skulu gilda, eftir því sem við getur átt, um greiðslu meðlags, sem feður eða fráskildar konur fá úrskurðað með börnum sínum.

## 5. gr.

Ný grein, 74. gr., hljóði svo:

Tryggingastofnunin skal senda Innheimtustofnun sveitarfélaga innan eins mánaðar tilkynningu um fyrstu greiðslu skv. 73. gr. Tilkynningunni skal fylgja afrit af yfirvaldsúrskurði eða staðfestum samningi.

Innheimtustofnun sveitarfélaga endurgreiðir Tryggingastofnuninni greiðslur skv. 1.—3. mgr. 73. gr. vegna barnsfeðra, sem framfærslurétt eiga hérlandis, mánaðarlega eftir því sem innheimtist. Skiladagar vegna óinnheimtra skulda skulu vera 1. mars, 1. júní og 1. október, en þann dag skulu fullnaðarskil gerð.

Ríkissjóður endurgreiðir Tryggingastofnun ríkisins meðlög vegna barnsfeðra, sem framfærslurétt eiga erlendis, svo og meðlög greidd skv. 4. mgr. 73. gr. þar til meðlagsúrskurður liggur fyrir.

## 6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og skulu ákvæði þeirra um réttindi og skyldur til samræmis við barnalög, nr. 9 15. apríl 1981, gilda frá og með 1. janúar 1982.

*Gjört í Reykjavík, 3. mars 1982.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

Pálmi Jónsson.

Nr. 12.

## LÖG

11. mars 1982.

**um samstarfsnefnd Alþingis og Þjóðkirkjunnar.**

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Starfa skal samstarfsnefnd Alþingis og Þjóðkirkjunnar. Tilgangur hennar er að vinna að auknum skilningi í löggjafarstarfi á vandamálum og verkefnum kirkjunnar.

## 2. gr.

Samstarfsnefndina skipa af hálfu Alþingis forseti sameinaðs þings og einn fulltrúi tilnefndur af hverjum þingflokki, en af hálfu Þjóðkirkjunnar kirkjuráð.

Forseti sameinaðs þings og biskup landsins fara með formennsku nefndarinnar sitt árið hvor.

## 3. gr.

Samstarfsnefndin getur annars vegar sent ályktanir og tillögur til Alþingis eða einstakra nefnda þess, en hins vegar til kirkjuþings.

## 4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 11. mars 1982.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

Friðjón Þórðarson.